

Andri Árnason
Borgartúni 26,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 10. júní 2015.

Efni: Viðræður Garðabæjar og eigenda Akrakots. Fyrningarfrestur.


Vísað er til fyrri samskipta vegna málefna jarðarinnar Akrakots á Álftanesi.

Með tölvubréfi hinn 11. desember 2013 tilkynntir þú um samþykkt bæjarráðs Garðabæjar þess efnis að bærinn myndi ekki bera fyrir sig fyrningu ef umbjóðendur mínir stefndu svonefndu Akrakotsmáli fyrir dóm á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 30. júní 2014. Um mitt síðasta ár gaf Garðabær svo út nýja yfirlýsingu þess það myndi ekki bera fyrir sig fyrningu væri málinu stefnt inn á tímabilinu frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2015.

Forsaga þessa máls er sú að hinn 10. september 2008 var þingfest skaðabótamál eigenda Akrakots þar sem sveitarfélagið Álftanes var krafist um bætur vegna tjóns af völdum skipulagsbreytinga. Vegna ástæðna er vörðuðu réttarfarsleg atriði var mál þetta felld niður hinn 13. nóvember 2012. Fyrir liggur ákvörðun eigenda Akrakots að stefna málinu inn að nýju takist ekki sátt í málinu.

Með hléum hafa aðilar átt í samskiptum með það að markmiði að ná samkomulagi um lausn málsins. Í ljósi þeirra samskipta þá er óskað eftir því að Garðabær gefi út yfirlýsingu um að bærinn muni ekki bera fyrir sig fyrningu verði málinu stefnt fyrir dóm á tímabilinu frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016. Að öðrum kosti þurfa landeigendur, fyrir næstu mánaðamót, að birta Garðabæ stefnu vegna málsins. Það væri miður enda hafa verið í gangi raunhæfar viðræður um farsæla lausn málsins.

Virðingarfyllt,


Guðjón Ármannsson hrl.